

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2014-2015 01.03.2015 8. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Marsmánuður er núna framundan með nýjum og spennandi verkefnum. Foreldraviðtöl verða 9. og 10. mars og er búið að senda heim tilkynningu um skráningu á frammistöðumati og bókun á viðtalstímum. Við hvetjum ykkur til að setjast niður með barninu ykkar, fara í gegnum matið og skrá niður. Það skiptir okkur öll miklu máli að skoða í sameiningu stöðu og líðan nemenda.

Þann 11. mars fara fram Norðurlandsriðlarnir í Skólahreysti. Þar á Síðuskóli titla að verja en við höfum unnið okkar riðil síðustu tvö árin. Við verðum rauðklædd eins og á síðasta ári og fá 7.-10. bekkur að fara í Höllina og hvetja okkar fólk. Þann sama dag verður svo lokakeppni Stóru upplestrarkeppinnar haldin í MA en þar verða tveir fulltrúar okkar í 7. bekk að keppa.

Við höfum fengið úthlutað útivistardegi í Hlíðarfjalli en það er fimmtudagurinn 12. mars. Við vonum svo sannarlega að veðrið verði okkur hliðhollt þennan dag og blessuð sólin vermi okkur eins og hún hefur gert síðustu daga. Nauðsynlegt er að fylgjast fréttum á heimasíðunni en við munum setja inn á hana ef breytingar verða. Þá fáum við annan dag í fjallinu. Í lok mánaðarins tekur svo páskaeyfið við og eftir það fer nú verulega að styttast í vorið.

Bestu kveðjur úr skólanum!

Ólöf Inga

Einkunnarorð marsmándaðar er:

VINÁTTA

Í Síðuskóla sýnum við vináttu með því að hugsa vel hvert um annað, taka þátt í því sem fram fer og gæta þess að enginn sé einmana.

Foreldraviðtöl

Viljum minna foreldra og nemendur á að síðasti dagur til að fylla út frammistöðumatið er **miðvikudagurinn 4. mars.**

Skólahreysti:

Miðvikudaginn 11. mars n.k. kl. 13.00 fer úrslitakeppni milli skóla á Norðulandi fram í íþróttahöllinni.

Páskafrí nemenda hefst föstudaginn 27. mars og hefst kennsla að loknu páskafríi þriðjudaginn 7. apríl.

Fréttabréf Síðuskóla er sent í tölvupósti til nemenda, forráðamanna og starfsmanna skólans.

SPEKI DAGSINS

Það er alltaf hægt að bæta orði við, en aldrei unnt að taka orð aftur ...Machiavelli

Á döfinni í mars:

9. mars	Viðtöl í 1. - 10. bekk
10. mars	Viðtöl í 1. - 10. bekk
11. mars	Úrslit Stóru upplestrarkeppinnar í MA
12. mars	Útivistardagur (gæti breyst vegna veðurs)
30. mars - 7. apríl	Páskafrí

Foreldrar - Nokkrar hugmyndir til að vinna með varðandi læsi

Þessi listi er engan veginn tæmandi, aðeins hugmyndir.

Hafa skal í huga að það skiptir meiru máli hvernig er unnið með barn og hvaða efni er notað, en tíminn sem fer í vinnuna. Gæði í stað magns!

Máli skiptir hvenær dags lesið er og aðstæðurnar sem barnið er í. t.d. eru flest börn betur upplögð í lestur fyrri part dags, en eftir kvöldmat. Einnig er mun betra að lesa í ró og næði þar sem sá fullorðni getur veitt barninu óskipta athygli meðan á lestrinum stendur. Barnið upplifir þá lesturinn frekar sem gæðastund sem það á með þeim fullorðna.

Áður en byrjað er að lesa

- Hver er forþekking barnsins á efninu?
- Spyrja út í hvað er að gerast í sögunni eða um hvað textinn fjallar
- Hvað var lesið um síðast
- Hverjar eru aðal sögupersónurnar í sögunni
- Spá fyrir um hvað gerist næst
- Skoða myndirnar og fá barnið til að ráða í þær

Meðan á lestri stendur eða eftir lestur:

Spyrja út í hvað var verið að lesa

Láta barn endursegja textann með eigin orðum og sjá hvort skilningur á textanum er til staðar

Breyta röddinni ef texti bíður upp á það

Ef texti er innihaldsríkur leyfa barninu að staldra aðeins við og sjá umhverfi, persónur og aðstæður fyrir sér

Takið hlé af og til og rifjið upp það sem þið voruð að lesa

Ef barnið skilur ekki einstaka orð eða orðasamband staldrið þá við og veltið því fyrir ykkur

Finna ákv. stafi eða spyrja út í hljóð ákv. stafa. Eins má gefa barni ákv. hljóð og biðja það að benda á staf á opnunni sem á þetta hljóð, dæmi: emm – m

Ekki gleyma að lesa undir myndum. Oft er hnitmiðaðri texti undir myndum

Spyrjið ykkur: Hef ég lært eitthvað af þessum lestri? Ef já, þá hvað?

Spyrjið ykkur eftir lestur textans hvort þekking ykkar á efninu hafi eitthvað breyst

Umhverfið:

Biðja barnið að finna hluti í stofunni sem byrja á ákv. staf

Raða munnlega nokkrum hlutum í stofunni í stærðarröð eða einhverja aðra röð, nefna hluti sem eru „yfir“ „undir“ „til hliðar“ o.s.frv. (skilningur á helstu hugtökum)

Loka augunum og lýsa því sem þau heyra eða skynja í skringum sig.

100 algengustu orð á A4 blöðum 20 orð á blaði: Láta barnið lesa orðin, ýmist hljóða sig í gegn eða lesa orðið. Til að byrja með er gott að búa efnið niður, leggja blað yfir það sem ekki á að vinna með hverju sinni. Sumir ráða við allt blaðið, meðan öðrum nægir að fá 1-2 línur til að byrja með. Leyfa nemendum að fá nokkra leikni í hverri línu áður en næsta er tekin fyrir. Ef þau hafa getu til, þá taka tímann af þeim. Eflir þau líka í leshraða. Markmiðið er að læra orðmyndirnar, en það gefur krökkunum ákv. öryggi í lestrinum.

Sigurlaug Elva Ólafsdóttir, sérkennari

HVERNIG ER HÆGT AÐ SÝNA BÖRNUM ÁST OG UMHYGGJU

VERTU TIL STADAR EKKI ÖSKRA. SEÐU JÁ EINS OFT OG ÞÚ GETUR
LESTU BÆKUR, UPPHÁTT OG AF GLEÐI. FINNÐ FÍL TIL ÞESS AÐ KYSSA.
LEIKÐ YKKUR SAMAN. HVETTU TIL FÍFLALÁTA. HLÆÐU MIKÍÐ. FINNÐU ÞAÐ
JÁKVÆÐA. HALTU Í BARNIÐ Í ÞÉR LEYFÐU ÞEIM AÐ BERJA Á POTTA OG
PÖNNUR MUNDU HVAD ÞAU ERU LÍTIL. FARÐ OG HOREÐ Á BÍÓMYND Í
NÁTTFRÖTUNUM. KENNDU ÞEIM AÐ Hafa TILFINNINGAR HJÁLPIÐ ÖÐRUM
EINS OFT OG ÞIÐ GETIÐ. SKILDU HVAD ÞAÐ ER
MIKILVÆGT AÐ VERA BARN. REYNÐ AÐ BYGGJA GEIMFLAUG. HALTU UTAN
UM ÞAU, LÍKA ÞEGAR ÞÉR FINNST ÞAU EKKI EIGA ÞAÐ SKILIÐ. SÝNDU
ÞEIM AÐ ÞAÐ MEGI GERA MISTÖK. UPPLIFÐ GLEÐI SAMAN. KOMDU ÞEIM Á
ÓVART. SÝNDU ÁST OG UMHYGGJU, OFT.

BÖRN ERU FRÁBÆR

Ingvi Hramar Ómarsson

Mynd augnabliksins



MATSEÐILL – mars 2015

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2	3.	4.	5	6.
Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsós, ávextir	Kjötsúpa	Píta m. hakki, grænmeti, sósa	Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	Pottréttur, hrísgrjón, brauð
9.	10.	11.	12. VAL NEMENDA	13.
VIÐTALSDAGUR	VIÐTALSDAGUR	Ostafylltar fiskisteikur, kartöflur, ferskt grænmeti, laukur	Makkarónur, brauð, salatbar,	Lasagne, snittubrauð
Frístund opin til kl. 16.15	Frístund opin til kl. 13.00			
16.	17. ÚTIVISTARD.	18.	19.	20.
Hakk, spagetti, snittubrauð	Litlar fiskibollur, hrísgrjón, súrsæt sósa, ávextir	Snitzel, kartöflur, rauðkál, grænar baunir, laukur	Fiskur í ofni, kartöflur, salatbar, ávextir	Súpa, brauð, ávextir
23. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	24. Hakkað buff, kartöflur, rauðkál, sósa	25.	26.	27.
		Heilhveitisteiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, st. laukur, sveppir	Kjúklingur, maísbaunir, grænmeti	Skýr, smurt brauð, ávextir
30. Ýsubitar í karrý, sósa, kartöflur, grænmeti, ávextir	31. Pönnukökur m/hakki, grænmeti, salsasós			